

Þráinn Bertelsson, Egill rakari og allir hinir bíða með óþreyju eftir öðru marki Íslend-. inga. Það kom — en danski dómarinn dæmdi það af okkur. Mynd BH.

Allir á völlinn

LJÓSMYNDIR Knattspyrna

Baldur Hermannsson

Það góða við að fara á Laugardalsvöllinn og hreiðra um sig á pöllunum er ekki beinlínis sú nautn að sjá leikinn með berum augum og án milligöngu Bjarna Fel., heldur hitt hversu óumræðilega knattspyrnufróður maður verður. Maður hefur varla sest niður fyrr en maður fer að gefa út allskonar athugasemdir um leikinn í heild, einstaka leikmenn og hvernig þeir hefðu með réttu átt að gefa knöttinn, og það skiptir engum togum að sessunautarnir taka þegar undir. Maður verður þess smám saman áskynja að allt í kringum völlinn sitja og standa 5.217 sérfræðingar um knattspyrnu og mætti á þeim skilja sumum að betur væri landinn settur ef þeir væru komnir í bláhvítu búningana í stað ýmissa þeirra sem hlaupa þarna fram og aftur á grasinu, gefandi vondar sendingar inn á miðjuna í stað þess að fóðra kantana, liggja alltof framarlega þegar brýn þörf er á manni aðeins aftar, dandalast með boltann á vítateignum í stað þess að skjóta þrumuskoti beint inn í vörnina og láta skeika að sköptu.


„Ég nenni ekki að tala um neitt nema fótbolta," heyrði ég frá bekknum fyrir ofan mig og þegar ég leit við í skyndingu sá ég þar kunnan mann úr stjórnmálalífinu. „Ég er orðinn svo helvíti leiður á pólitíkinni," hélt hann áfram og meinti hvert einasta orð, „nú hef ég bara áhuga á fótbolta."

Og svei mér þá — ég sá ekki betur en allir þeir sem til heyrðu kinkuðu kolli til samþykkis. En þannig er það og þannig hefur það alltaf verið. Mennirnir berjast ægilegri baráttu í þjóðlífinu, þar fellir hver annan og lætur miskunnarlaust kné fylgja kviði og þar er eins dauði annars brauð eins og frægt er orðið, en knattspyrnuvöllurinn er einmitt hinn rétti staður til þess að kenna mannfólkinu að við erum þrátt fyrir allan hernaðinn í daglegu lífi bræður og systur og elskum hvert annað.

Það var feikileg stemmning á áhorfendapöllunum í Laugardal, þennan sunnudag þegar íslenska landsliðið bar sigurorð af Möltu. Auðvitað hefðu flestir kosið að sjá fleiri mörk en þetta eina, en það verður ekki á allt kosið. Íslensku strákarnir voru hvassir í bragði, léku vel og skemmtilega og það sópaði að þeim. Áhorfendur voru glaðir í sinni að sjá þá sigra og þó að athugasemdirnar í blöðunum næstu daga hafi ekki verið beinlínis hólbornar eiga þær ekkert skylt við þann hugblæ sem ríkti á vellinum sjálfum þegar leikurinn stóð yfir.



Hvar skyldi hann lenda þessi?



Náttúrureguro og mannvirki eru vinsælustu viðfangsefni ljósmyndaranna sem sýna nú á Kjarvalsstöðum, en hér er það fyrirsætan Mandy Kupas með blóm á vörum sem horfir hugsandi á sýningargesti. Mynd BH.

SUMARSÝNING HUGMYNDAR 81

Ljósmyndaklúbbur áhugamanna sýnir listir sínar

Það er þokki yfir sumarsýningu „Hugmyndar 81" á Kjarvalsstöðum eins og reyndar oft vill verða um tilburði sannra áhugamanna í hinum ýmsu greinum listarinnar.

Á hausti síðastliðnu lögðum við eina opnu „Dægradvalar" undir starfsemi þessa unga áhugamannafélags, tókum nokkra þátttakendur tali, skoðuðum verk þeirra og hlýddum á einkunnagjöf á svonefndu sýningarkvöldi félagsins. Það hreif okkur þá hversu afdráttarlaust og allt að því vægðarlaust þeir félagar tóku hver á annars myndverkum — þar var ekki fyrir að fara því slepjulega skjalli sem kæfir að bragði alla heiðarlega viðleitni heldur var það alveg ljóst að allar myndir fengu hvassa en verðskuldaða umsögn og það er einmitt hvati allra framfara, eins og einn frammámanna félagsins komst að orði.

Á Kjarvalsstöðum má nú líta hvern árangur hin þrotlausa þjálfun vetrarins hefur borið. Á miðju salargólfsins standa verðlaunamyndir sýningarinnar frá í fyrra til samanburðar og þó að margar þeirra séu býsna snotrar held ég að fæstar þeirra myndu komast neitt í námunda við verðlaunasætin að þessu sinni, slík hefur framförin orðið.

Þjóðfélagsádeila

Náttúruskoðun ýmiskonar er mjög í fyrirrúmi hjá félaginu að þessu sinni eins og kannski er vonlegt. Þarna eru myndir af berjum og blómskrúði, fjallendi, sjávarströndu og sjávardröngum og ein sérdeilis falleg sólarlagsmynd hefur fengið að fljóta með þrátt fyrir vissa andstöðu félagsins gegn slíkum hefðbundnum viðfangsefnum.

Einn sýningarmanna imprar á dálítilli þjóðfélagsádeilu í myndunum „Draumur bóndans" og „Afleiðing Framsóknar". Sú fyrri sýnir gamla og slitna dráttarvél umlukta svefnugri töframóðu. Sú síðari er af vallgrónum moldarkofa sem hallast mjög á vinstri hlið og hrynur vísast bráðlega ef ekki verður að gert, og mun sú mynd vera einskonar eftirmæli Framsóknaráratugarins svonefnda.

Þá eru myndir af húsum og mannvirkjum eigi allfáar, sumar í litum og skemmtilega gerðar.

Ávöxtur eljunnar

Hugmynd 81 er áhugamannafélag og aðeins tveggja ára gamalt eins og nafnið gefur vísbendingu um. Flestir félagsmanna kunnu lítið fyrir sér í byrjun, sumir ekkert, en elja, þjálfun og áhugi hefur nú borið þann góða ávöxt sem hver getur séð og dæmt fyrir sig á Kjarvalsstöðum.

Mín persónulega skoðun er sú að sýningin sé vissulega misjöfn eins og vænta má af 30 ljósmyndurum og 200 myndum, en þarna eru allvíða yndislegar myndir og ágætlega til þess fallnar að veita gestum ábendingar fyrir sumarleyfið. En það eru fáein atriði sem mér þætti fengur að sjá að ári liðnu í ríkara mæli en nú er og er þar fyrst til að taka myndir af fólki. Þær eru alltof fáar á þessari sýningu og eru þó andlitsmyndir og ljósmyndir af fólki að leik og starfi eitt hið áhugaverðasta viðfangsefni sem um getur. Auðvitað bregður fyrir fólki á þessari sumarsýningu en það er sjaldnast aðalatriði myndanna heldur nánast uppfylling og hjálpartæki til myndrænnar vinnslu og sköpunar og er það miður. Einnig má að því finna (ef menn vilja endilega finna að einhverju) að tiltölulega fáar virkilega stórar myndir eru á sýningunni, en þannig er að málaralistin, sem er náfrænka ljósmyndalistarinnar, hefur sett nokkurn stað í þessum efnum og það vill draga stundum úr sýningargildi ljósmynda á sýningum að þær eru full hæverskar í sniðum.

En slíkar aðfinnslur eru aukaatriði. Félagarnir í Hugmynd hafa rétt einu sinni sýnt og sannað hve ótrúlega langt er hægt að ná á skömmum tíma með elju og áhuga og sumarsýningin er því markviss hvatning til allra þeirra sem hafa gaman af því að dunda við myndverk að taka nú til hendinni í sumar, stinga spólu í gamla rokkinn og láta ekki fögur mótíf úr augsýn sleppa.

